

Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. maí 2016
UST201605-014/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 – 2030. Langihryggur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 2. maí sl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 – 2030 á svæði Langahryggjar í ofanvreðum Mosfellsdal.


Áætlað er að breyta landnotkun á Langahrygg austan Leirtjarnar í ofanverðum Mosfellsdal þannig að landbúnaðarsvæði og aðliggjandi opið óbyggt svæði breytast í afþreyingar- og ferðamannasvæði á alls 10 ha svæði.


Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði felldar að landi og að litir og efnisnotkun falli vel að umhverfinu. Fram kemur í lýsingu að áætlaðar byggingar í víkingaþorpi komi til með að vera einnar hæðar sem er jákvætt.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir viðeigandi þáttum og umfangi þeirra.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur